

# ÖRNEFNANEFND

Undirbúningsstjórn um sameiningu  
Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps  
Jón Gíslason, formaður

Reykjavík, 29. apríl 2022

## **Efni: Umsögn um tillögur að nafni á sameinað sveitarfélag Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps**

Með bréfi dags. 8. apríl 2022 hefur undirbúningsstjórn um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps óskað eftir því að örnefnanefnd taki til umsagnar tillögur að nafni á sameinað sveitarfélag.

Undirbúningsstjórnin auglýsti þann 10. mars 2022 eftir tillögum að nafni nýs sveitarfélags en frestur til að skila inn tillögum rann út 31. mars. Alls bárust 47 einstakar tillögur að nafni frá 88 einstaklingum. Stjórnin fór yfir tillögurnar þann 4. apríl og ákvað að óska eftir umsögnum örnefnanefndar um eftirtalin nöfn

- Blöndubbyggð
- Húnabyggð
- Húnavatnsbyggð
- Húnavatnsþing
- Húnaþing eystra

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, skal örnefnanefnd veita umsögn um þau nöfn sem um ræðir ef gera á könnun meðal íbúa á nafni nýs sveitarfélags. Samkvæmt lögum um örnefni, nr. 22/2015, ber örnefnanefnd að skila rökstuddu álitinu sínu innan þriggja vikna frá því að erindi berst.

Hér á eftir eru veittar umsagnir um fyrrgreindar tillögur. Við mat á þeim var tekið mið af markmiðum laga um örnefni og einnig horft til meginsjónarmiða örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga frá 27. ágúst 1998 sem aðgengileg eru á heimasíðu nefndarinnar (örnefnanefnd.is).

# ÖRNEFNANEFND

Hvað varðar lög um örnefni eru markmið þeirra tilgreind í 1. gr.:

- að stuðla að verndun örnefna og nafngiftahefða í landinu sem hluta af íslenskum menningararfi og tryggja að honum verði viðhaldið handa komandi kynslóðum,
- að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju,
- að ný örnefni séu í samræmi við staðhætti og örnefnahefð,
- að samræma stjórnsýslu við skráningu örnefna þannig að ferli nafngifta sé opið, gagnsætt og skilvirkt.

Í megin sjónarmiðum örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga kemur m.a. fram að æskilegt sé að stjórnsýsluheiti séu mynduð með hliðsjón af einhvers konar kerfi sem auðveldar málnotendum að átta sig á því að um sé að ræða stjórnsýsluheiti, en ekki nafn á landsvæði, og að skilja hvers konar stjórnsýslu sé um að ræða.

## Blöndubbyggð

Mælt er með nafninu.

Í rökstuðningi með tillögunni segir að nafnið vísi til þess að áin Blanda liggja í gegnum bæði þau sveitarfélög sem sameinast þann 29. maí nk. Blanda sé því sameiningartákn fyrir hið sameinaða sveitarfélag. Blanda sé einnig þekkt kennileiti.

## Húnabyggð

Ekki er lagst gegn nafninu.

Í rökstuðningi með tillögunni er vísað til þess að í Vatnsdælasögu segi frá því að landnámsmaðurinn Ingimundur hefði fundið hvítabjörn og tvo húna á Húnavatni og nefnt vatnið eftir þeim. Forskeytið Húna- sé vel þekkt í örnefnum á svæðinu og því samofið sögu svæðisins. Það gefi einnig sterka vísbendingu um staðsetningu sveitarfélagsins. Þess ber að geta, að ekki er hefð fyrir því að nöfn sveitarfélaga á Íslandi séu leidd af nafni dýrategunda á þann hátt sem hér um ræðir.

## Húnavatnsbyggð og Húnavatnsþing

Ekki er lagst gegn nöfnunum.

Tillögurnar vísi til þess að Húnavatn sé staðsett í sveitarfélaginu og sé fyrri hluti nafnanna samofinn sögu svæðisins (sbr. að ofan). Þau vísi til þekktis kennileitis og gæfu einnig sterka vísbendingu um staðsetningu sveitarfélagsins.

## Húnaþing eystra

Ekki er lagst gegn nafninu.

Í rökstuðningi með tillögunni er vísað til þess að bæði Austur- og Vestur-Húnavatnssýsla séu einnig þekktar undir heiti hins forna þings, Húnaþings. Orðið

## ÖRNEFNANEFND

Laugavegur 13, ÍS-101 Reykjavík  
Sími 525-4432 • Netfang ornefnanefnd@hi.is

# ÖRNEFNANEFND

„eystra“ vísi til þess að hið nýja sveitarfélag muni ná yfir austasta hluta þess. Nafnið gefi einnig góða vísbendingu um staðsetningu sveitarfélagsins, það sé samofið sögu svæðisins og í góðu samræmi við nafn nágrannasveitarfélagsins, Húnaþings vestra. Hafa ber þó í huga að hið sameinaða sveitarfélag rúmar ekki alla austursýsluna, auk þess sem heitið Húnaþing sé notað um allt svæðið, þar með talin sveitarfélög sem ekki eru með í sameiningunni.

## Niðurstaða

Af þeim nöfnum sem örnefnanefnd fékk til umsagnar telur hún nafnið Blöndubýggð falla best að nafngiftahefð í landinu. Ekki er þó lagst gegn hinum tillögnum fjórum.

F.h. örnefnanefndar



---

Bergur Þorgeirsson, formaður

Afrit:  
Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra  
Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík